

Skipulagsstofnun
b/t Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2020
UST202001-075/R.K.
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun – Stækkun fiskeldis
Stofnfisks í Vogavík**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Framkvæmdarlýsing

Félagið Stofnfiskur hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) ráðgerir að stækka eldisstöð sína í Vogavík í Vogum, Reykjanesi. Núverandi starfsleyfi heimilar 200 tonna framleiðslu á ári en í stöðinni er verið að framleiða tæp 300 tonn/ári sem er Umhverfisstofnun skráði sem frávik í eftirliti í nóvember 2018. Stækkunaráform rekstraraðila nú er upp í 450 tonn/ári. Í bréfi Umhverfisstofnunar, dagsett 24. maí 2019 sem samþykkti úrbótaáætlun vegna frávíka segir að stofnunin muni ekki fylgja frávikum eftir á meðan tillaga að matsáætlun er til meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Stofnunin bendir á að úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að hann skuli sækja um 320 tonna starfsleyfi til Umhverfisstofnunar en umrædd framkvæmd nú til skoðunar er fyrir 130 tonnum meira en þau áform gáfu til kynna. Stofnunin bendir einnig á að í umsókn um nýtt starfsleyfi sem skilað var til stofnunarinnar í desember sl. er sótt um leyfi fyrir eldi á 400 tonnum/ári. Mikilvægt er að rekstraraðili geri skýrt grein fyrir því í frummtasskýrslu, og umsóknarferli starfsleyfis, hvað er sótt um að hafa leyfilegan hámarkslífmassa í stöðinni á hverjum tíma.

Núverandi áform í Vogavík er að starfrækja hrognaframleiðslu, áframeldi lax (seiðaeldi), kynbótarannsóknir og slátrun. Þá þarf að koma skýrt fram í frummatsskýrslu hvort um sé að ræða einungis slátrun fisksins eða slátrun til vinnslu vegna leyfisveitinga Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar.

Því sem Umhverfisstofnun kemst næst felur stækkun eldisin í sér viðbót seiðaeldisstöðvar á svæði auk viðbótar slátruhúss með viðeigandi vegtengingum og hreinsibúnaði

frárennslis en nákvæm viðbót við núverandi starfsemi ætti að vera skýrari í frummatsskýrslu.

Framleiðsla eldisins umfangsmeiri en heimilt er í núgildandi starfsleyfi en er það vegna aukinnar stærðar hvers fisks í eldinu en ekki vegna þess að verið er að ala fleiri fiska skv. greinargerð. Umhverfisstofnun minnir á að starfsleyfi er gefið út á hámarks lífmassa eldisins á hverjum tíma en ekki á fjölda fiska í kerjum.

Er stöðinni í Vogavík gert að taka við þeirri framleiðslu sem nú fer fram í Kollafirði en Umhverfisstofnun minnir á að það starfsleyfi rennur út 15. september 2021.

Mat á umhverfisáhrifum

Í greinargerð tillögu að matsáætlun kemur fram að í mati á umhverfisáhrifum stækkunar landeldis í Vogavík verða m.a. könnuð og metin áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti; Fugla, lífríki í fjöru og sjó, verndarsvæði leira og vatnafar (grunnvatn). Nefndir eru megin áhrifaþættir; mannvirkjagerð, fráveita eldis og uppdæling á grunnvatni. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð að aukinn styrkur næringarefni og lífrænna efna í fráveitu vegna stækkunar getur haft áhrif á fugla og lífríki í fjöru og sjó og sé því vert að fjalla ítarlega um þessa þætti í frummatsskýrslu. Auk þess er stefnt að því að meta áhrif vatnsvinnslu á grunnvatnsstöðu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda tillögu að matsáætlun og telur vert að neðangreind atriði séu höfð til hliðsjónar við gerð frummatsskýrslu umfram það sem fram kemur í þessari tillögu til matsskýrslu.

Vatnsnotkun

Megin ástæða þess að Skipulagsstofnun ákvarðaði framangreind stækkunaráform matsskyld er skv. greinargerð vegna þess að núverandi vatnsvinnsla eldisins er í ósamræmi við tilkynningu rekstraraðila árið 2017. Í nokkurri nálægð við stöðina (til suðausturs) er grannsvæði vatnsvendarsvæðis. Fram kemur í greinargerð að ekki sé útilokað að aukin vinnsla grunnvatns vegna eldisins muni hafa áhri fá nýtt vatnsból sveitarfélagsins Voga sunnan við Reykjanesbraut (bls. 27). Þarf því að gera ítarlega grein fyrir þessu í frummatsskýrslu að mati Umhverfisstofnunar og fjalla um viðbrögð rekstraraðila ef vart verður við neikvæð áhrif á grunnvatnsauðlind sveitarfélagsins.

Ráðgert er að bora nýja borholu jarðsjós og auka nýtingu þess við stækkun eldisins. Ekki er stefnt að því að nýta meira ferskvatn í eldinu en nú er gert en á næstu árum mun rekstraraðili taka yfir rekstri borhola/vatnsbóla sem undanfarin ár hafa verið leigð út til HS Veitna sem vatnsból fyrir sveitarfélagið Vogar en er í eigu rekstraraðila sem er landeigandi framkvæmdarsvæðis skv. greinargerð (bls. 20).

Stefnt er að 200-250 l/sek grunnvatnsvinnslu og alls með jarðsjóvinnslu verður hún um 1.200 l/sek. Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi ítarlega í frummatsskýrslu um nýtingu grunnvatns og jarðsjós og getu svæðisins til að mæta nýtingu eldisins til framtíðar.

Stofnunin bendir á að öll vatnstaka, borun nýrra hola og nýting grunnvatns er háð nýtingarleyfi Orkustofnunnar.

Frárennsli og viðtaki

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu fer í gegnum rotþró skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ. Fram kemur í greinargerð að nú sé í byggingu sambyggt sláturhús (bls. 8). Stefnt er að góðri hreinsun á frárennsli frá nýju sláturhúsi þar sem allt blóðvatn verður sótthreinsað áður en því er veitt í sér útrás í viðtakann. Hins vegar er frárennslið frá eldinu losað óhreinsað út í viðtaka við skv. greinargerð (bls. 14).

Stefnt er að því að endurnýta frárennslið frá nýrri seiðaeldisstöð um allt að 75-80% áður en því verður hleypt í viðtaka. Umhverfisstofnun telur framangreind áform jákvæð en telur að fjalla þurfi um tækni hreinsunar í frummatsskýrslu auk þeirrar hreinsunar sem komið verður á frárennsli frá restinni af starfseminni. Fram kemur að í lokaáfangu núverandi eldi á klakfiski er 70% endurnýting á eldisvökva (bls. 6) en að losun næringarefna (forfór og nitur) frá eldisstöðinni mældist <10,25 kg af fosfór fyrir hvert framleitt tonn af fiski.

Fram kemur í greinargerð að í núverandi starfsleyfi stöðvarinnar, gefið út af heilbrigðisnefnd, eru ekki tilgreind nein losunarmörk næringarefna. Þá er vísað í að mörk fyrir losun fosfórs í starfsleyfi rekstraraðila við Kalmanstjörn sé 14 kg fosfór á hvert framleitt tonn af fiski og samkvæmt því sé losun í stöðinni í Vogavík innan marka. Umhverfisstofnun bendir á að í nýju starfsleyfi verður sett krafa um hreinsun frárennslis (t.a.m. settjörn eða tromlusíu) áður en því er hleypt í viðtaka. Stofnunin mun við vinnslu starfsleyfis ákvarða losunarmörk út frá fódurnotkun eldisins, hreinsun frárennslis og aðstæður við útrás í viðtaka. Mælingar á næringarefnum í frárennsli stöðvarinnar ættu að vera gerðar við hámarksframleiðslu til að varpa mynd á hámarksálag viðtaka og vera sett skýrt fram í frummatsskýrslu.

Í greinargerð tillögu að matsáætlun má sjá hvernig útrásir frárennslis frá eldisstöðinni liggja í fjörunni í Vogavík (mynd 3.9 bls. 18). Umhverfisstofnun tekur fram að þær útrásir uppfylla ekki kröfu 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ sem segir að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Umhverfisstofnun telur að laga þurfi útrásir til að uppfylla framangreinda kröfu ellegar rökstyðja vel í frummatsskýrslu hvernig ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla kröfurnar og að sótt sé um undanþágu gr. 9.7 framangreindrar reglugerðar. Sá ómöguleiki þarf að vera til staðar svo heilbrigðisnefnd geti heimilað aðrar lausnir (undanþágu) að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Fóðurstuðull eldisstöðvarinnar er í dagð nokkuð hár eða 1,4 en stefnt að því að lækka í 1,2 skv. greinargerð (bls. 12). Umhverfisstofnun telur jákvætt ef í frummatsskýrslu sé gerð grein fyrir gerð fóðurs og næringarefnainnihaldi þess. Stofnunin telur að í mati ætti að greina skýrt frá innihaldsmun á fóðri seiða og fóðri fiska í áframeldi og hversu mikið af fosfóri og nitri fiskarnir taka upp á mismunandi þroskastigum. Skýrari mynd á losun eldisins með fráveitu mun gera kleyft að meta almennilega hver áhrif verða á viðtakann og lífríkinu í fjörunni vegna losunar næringarefna frá eldinu.

Í kafla 3.3 í greinargerð er fjallað um sjúkdómavarnir (bls. 10-11). Þar kemur fram að hrogn eru böðuð uppúr joðlausn (sótthreinsun) og formalíni (sveppavarnir) auk þess sem fiskurinn sé reglulega formalínbaðaður. Þá séu notaðar iðnaðarspápur við þrif á kerjum. Umhverfisstofnun telur gott að tekið sé fram í frummatsskýrslu magn þessara efna sem nýtt eru í eldinu svo hægt sé að gera grein fyrir áhrifum þeirra í fráveitu. Að mati stofnunar þarf að koma fram í frummatsskýrslu hvort frárennsli með sápum og sótthreinsiefnum sé leitt í frárennslis með eldisvatni eða hvort það fari í rotþró með frárennsli frá starfsmannaaðstöðu.

Valkostir

Fram kemur í greinargerð: „Þar sem meginstarfsemi eldisstöðvarinnar verður með óbreyttu sniði hvað varðar tækni og aðstöðu og ferskvatn verður ekki unnið í meiri mæli en nú er, er ekki lögð fram önnur tilhögun til mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar en sú sem felst í aðalvalkosti“ (bls. 6). Umhverfisstofnun tekur fram mikilvægi valkostagreiningar í mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin bendir á að í valkostagreiningu ætti rekstraraðili að skapa sér svigrúm og meta mismunandi kosti en taka svo fram hver af þeim er valinn kostur og hvers vegna. Stofnunin bendir á að hægt er að fjalla um mismunandi valkosti hvað varðar magn eldis og tækni hreinsunar á eldisvatni og útfærslu útrásar frárennslis í viðtaka.

Umhverfisstofnun tekur fram að skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber leyfisveitanda að veita leyfi fyrir framkvæmd sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Þar með mun Umhverfisstofnun fylgja þeim forsendum sem fjallað er um í matsskýrslu framkvæmdar við gerð ákvæða starfsleyfis eldisstöðvarinnar í Vogavík. Ekki er unnt að breyta grundvallar forsendum framkvæmdar í leyfisveitingu frá því sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Ákvæði um t.a.m. umfang eldis, tækni hreinsunar frárennslis verða sett eftir því sem metið var í ferli mats á umhverfisáhrifum og gert er grein fyrir í matsskýrslu.

Annað

Mannvirkjagerð er nefnd sem ein megin áhrifaþátturinn en áætlað er að byggja nýja seiðastöð á framkvæmdarsvæðinu (bls. 3). Fjalla þarf í greinargerð um áhrif viðbótar mannvirkis á svæðið og nýs aðkomuvegar að seiðastöðinni sem áformað er að leggja á nútímahraun sem nú liggur allt í kringum framkvæmdarsvæðið þar sem hraunið fellur undir sérstaka vernd 61. greinar laga 60/2013 um náttúruvernd. Reyna þarf því að forðast rask á hrauninu en ef það er ómögulegt ber að rökstyðja það og taka fram þá hagsmuni sem réttlæta raks jarðmyndananna og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Samkvæmt greinargerð er ekki þörf á nýju deiliskipulagi vegna framkvæmdar en ef mannvirkjagerð veldur raksi á hrauni utan deiliskipulagsmarka telur Umhverfisstofnun að sýna þurfi skýrt í frummatsskýrslu hvaða raks framangreind mannvirkjagerð muni valda og meta áhrif hennar.

Umhverfisstofnun telur jákvætt ef rekstraraðili myndi nýta tækifæri mats á umhverfisáhrifum til að fjalla um stefnu sína og valdar aðferðir í endurnýtingu ósýkts

úrgangs (ósýkt lífrænt fastefnis úr kerjum og hreinsibúnaði/settjörnum) t.a.m. sem áburðar eða.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Beðist er velvirðingar á því hve tafist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Steinar R. Beck Baldursson
sérfræðingur